

Utanríkismálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. maí 2015

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi. Þingskjal 1238 - 728. mál.

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Hermann Ottósson,
framkvæmdastjóri.



UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um þátttöku í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi.

144. löggjafarþing 2014–2015.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindri þingsályktunartillögu.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum flóttamanna og hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Félagið er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í samvinnu við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Rauði krossinn á Íslandi hefur um langt skeið fylgst með þróun mála við Miðjarðarhafið og þeim straumi fólks sem leggur líf sitt að veði við að ná ströndum Evrópu í leit að öruggu og/eða betra lífi. Félagið hefur meðal annars stutt Rauða kross félögin á Kýpur, Ítalíu og Möltu fjárhagslega við að styrkja og bæta viðbragðsbúnað sinn til að taka á móti hópi flóttamanna og veita þeim neyðar- og mannúðaraðstoð. Samtals hefur Rauði krossinn á Íslandi aðstoðað ofangreind þrjú landsfélög Rauða krossins um tæpar 17,5 milljónir króna á árinu 2015 sem nýta á við flóttamannaaðstoð.

Umsögn sína um þingsályktunartillöguna byggir Rauði krossinn á ofangreindu, auk grundvallarhugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi, sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans, ásamt áratuga löngu starfi á sviði þróunarsamvinnu, og aðstoðar vegna náttúruhamfara eða hamfara af manna völdum.

Athugasemdir við þingsályktunartillöguna

Þingsályktunartillagan lýtur að því að stórefla þátttöku Íslands í björgunaraðgerðum á Miðjarðarhafi, annars vegar með endurgjaldslausu útláni á varðskipi til björgunaraðgerða sem verði á forsendum mannúðaraðstoðar og í samvinnu við hjálparsamtök en ekki á forsendum landamæravörslu. Hins vegar gerir tillagan ráð fyrir að gerð verði áætlun um móttöku flóttamanna frá stríðshrjáðum löndum við Miðjarðarhafið, þar á meðal Sýrlandi og Líbýu.

a. Björgunaraðgerðir á forsendum mannúðaraðstoðar

Rauði krossinn fagnar inntaki tillögunnar. Til þess að hún geti orðið að veruleika og á forsendum mannúðaraðstoðar þyrfti þó að breyta útliti skipsins og gera samkomulag við alþjóðleg hjálparsamtök sem sinna björgunaraðgerðum á svæðinu eða hafa slíkt í hyggju. Hafa verður forsendur mannúðaraðstoðar að leiðarljósi en þær eru mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi og sjálfstæði. Hjálparsamtök stunda jafnan starf sitt undir vopnleysi og þar af leiðandi þyrfti að fjarlægja byssur af varðskipinu yrði það sent til björgunarstarfa á ofangreindum forsendum.

Benda verður á þann möguleika að fénu sem slíkt kostar mætti þó einnig veita beint til hjálparsamtaka sem starfa á svæðinu, einkum í og í kringum Sýrland og í Líbýu.

Rauði krossinn er sammála því að það ástand sem skapast hefur í nágrennaríkjum stríðshrjáðra ríkja við Miðjarðarhafið þarfnast mannúðaraðstoðar. Til að koma til móts við og leysa slíkan vanda þarf í fyrsta lagi að stuðla að friðsamlegri lausn deilumála og koma í veg fyrir að slíkt ástand endurtaki sig. Í öðru lagi er hægt að stórauka mannúðaraðstoð við almenna borgara í stríðshrjáðum ríkjum í gegnum alþjóðasamtök á borð við Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og við flóttamenn í nágrennaríkjum stríðshrjáðra ríkja þar sem fjölmörg hjálparsamtök vinna mikilvægt starf en oft háir skortur á fjármagni starfi þeirra. Í þriðja lagi getur Ísland í senn hvatt önnur ríki til að taka við auknum fjölda svokallaðra kvótaflóttamanna í samvinnu við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og um leið tekið upp að nýju reglulega móttöku flóttamanna hingað til lands líkt og hluti þingsályktunartillögu þessarar gerir ráð fyrir.

b. Áætlun um móttöku flóttamanna af svæðum við Miðjarðarhafið

Rauði krossinn fagnar og styður þann hluta tillögunnar sem lýtur að áætlun um móttöku flóttamanna af svæðinu. Rauði krossinn hefur lengi talað fyrir reglulegri móttöku svokallaðra kvótaflóttamanna sem unnin er hérlendis í samvinnu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, íslenskra stjórnvalda, móttökusveitarfélaga og Rauða krossins. Ísland hefur tekið á móti hlutfallslega mjög fáum kvótaflóttamönnum samanborið við önnur Norðurlönd og getur gert mikið betur í þeim efnum. Núverandi flóttamannavandi sem skapast hefur af átökum í Sýrlandi á sér fá fordæmi og gríðarleg neyð sem flóttamenn frá Sýrlandi standa frammi fyrir.

Hvetur Rauði krossinn Alþingi eindregið til að greiða götu aukins fjölda svokallaðra kvótaflóttamanna hingað til lands og veita nægjanlegu fjármagni svo hægt sé að tryggja móttöku flóttamannahópa hingað árlega. Með því móti verði hægt að stefna að móttöku flóttamanna frá stríðshrjáðum ríkjum á sama tíma á hverju ári sem auðveldar allt skipulag, utanumhald og samvinnu þeirra aðila sem að slíkum verkefnum koma. Skynsamlegt gæti verið að flóttamannahópur þessa árs teldi að minnsta kosti 30-50 einstaklinga en svo væri hægt að fjölga í hópunum samhliða aukinni reynslu og þekkingu og bættu verklagi við gagnkvæma aðlögun.

Lokaorð

Þá vill Rauði krossinn ennfremur koma sjónarmiði sínu á framfæri við utanríkismálanefnd að vegna straums flóttamanna yfir Miðjarðarhafið sem flestir enda á Ítalíu telur félagið eðlilegt að Ísland hætti að endursenda hælisleitendur til Ítalíu á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins. Ástæðan er ekki aðeins mikill fjöldi flóttamanna, sem þó er ekki mikill samanborið við nágrennaríki stríðshrjáðra ríkja, heldur einnig og vegna þess að aðbúnaður flóttamanna og málsmeðferð hefur verið gagnrýnd. Með slíkri framkvæmd færi Ísland fram með góðu fordæmi og væri hún í anda Dyflinnarsamstarfsins sem kveður skýrt á að aðildarríkin deildi með sér ábyrgð á því flóttafólki sem leitar verndar í álfunni.

Fulltrúar Rauða krossins á Íslandi eru tilbúnir að hitta utanríkismálanefnd til að ræða ofangreind sjónarmið betur og gera grein fyrir þeim sé þess óskað.